



Lóan sást á ströndinni við Stokkseyri liðna helgi. Myndina tók: Alex Máni.

Lóan mætt að kveða burt snjóinn

Á Stokkseyri býr ungur fugla-áhugamaður og fugla-ljósmyndari, Alex Máni Guðrímsson, sem staðfesti það við Dagskrána að hafa séð til lóunnar á Stokkseyri um liðna helgi. Þá bárust fregnir neðan af Eyraðakka þar sem tjaldapar

sást spígspora um í fjörunni þar. Lóan hefur lengi verið helsti vorboðinn í huga Íslendinga, en jafnan er vísað í ljóð Páls Ólafssonar um lóuna sem kemur að kveða burt snjóinn. Þrátt fyrir komu lóunnar verður kalt í veðri fram yfir páska samkvæmt fyrir-

liggjandi veðurspám. Myndin sem prýðir forsíðu Dagskrárinnar að þessu sinni tók Alex Máni í fyrra. Alex heldur úti glæsilegri fuglaljósmyndasíðu á Facebook og Instagram undir nafninu Alex Máni Photography. -gpp

Samstarfssamningur undirritaður um brautargæslu í Laugavegshlaupinu

Á dögunum var undirritaður milli Íþróttabandalags Reykjavíkur, Frískra Flóamanna og Björgunarfélags Árborgar um brautargæslu í Laugavegshlaupinu næstu þrjú árin. Félögin hafa séð um brautargæslu frá 2004 og hafa fengið mikið hrós fyrir í gegnum tíðina. Þetta er jafnan þakklátt starf og sérstaklega skemmtilegt að þjónusta hlaupara

í þessari miklu áskorun. Mikill áhugi er á utanvegahlaupum og hefur fjöldi þátttakenda í hlaupinu margfaldast milli ára. Árið 2020 voru þeir um 530. Samtals senda félögin 50 manns í vinnu við hlaupið. Auk þess sér BFÁ um að flytja starfsfólk og búnað á starfsstöðvar. Næsta hlaup er 17. júlí 2021. Þegar er uppselt í hlaupið.

Lesendur athugið

Um leið og starfsmenn Dagskrárinnar senda lesendum óskir um gleðilega páska bendum við á að næsta tölu-blað af Dagskránni kemur út fimmtudaginn 8. apríl. Auglýsingar og greinar í blaðið þurfa að berast fyrir kl. 12 þriðjudaginn 6. apríl nk.

Eimskip á Selfossi tekur í notkun rafbíl



Helgi S. Haraldsson, svæðisstjóri Eimskipa á Suðurlandi er ánægður með nýja rafbílinn.

Tveir rafmagnsbílar bættust við bílaflota Eimskipa fyrir skömmu. Einn þeirra er kominn á Suðurland, nánar tiltekið í vörslu Helga S. Haraldssonar, svæðisstjóra Eimskipa á Suðurlandi. Við litum við hjá Helga og skoðuðum bílinn. „Bíllinn er af gerðinni Maxus, sem er ný bílategund hér á Íslandi. Þeir eru fluttir inn frá Kína af umboðsaðila Maxus á Íslandi. Bílarnir hafa verið notaðir hjá norska póstinum við góðan orðstír svo við væntum þess að hann standi sig vel hér hjá okkur,“ segir Helgi. Aðspurður um drægni segir Helgi: „Uppgefið er að bíllinn komist allt að 353 km á einni hleðslu miðað við bestu aðstæður. Við hugsum hann fyrst og fremst sem innanbæjar bíl hér fyrir Árborg ásamt því að dreifa vörum í Hveragerði og Þorlákshöfn. Þetta verkefni er hluti af vegferð fyrirtækisins að minnka kolefnislosun um 40% fyrir árið 2030.“

Lipurt ökutæki þó díselrunurnar vanti

Helgi hendir gaman að því þegar hann ók bílnum fyrst hafi hann alltaf verið að bíða eftir því að hann færi í gang, en það væru auðvitað engar díselrunur í honum og bíllinn liði hljóðlaust um. „Hann er bara lipur og fínn í akstri og ekkert hægt að finna að því. Ég held að þetta sé framtíðin því þróunin er það hröð heyrir maður að innan fáeinna ára verðum við líklega komin með stóru bílana í rafmagn líka.“ Er engin fyrirstaða að það taki langan tíma að hlaða? „Nei, ekki enn sem komið er allavega. Hann er í hleðslu hér yfir nótt. Þá getum við „sjússað“ inn á rafhlöðurnar milli þess sem hann er í akstri. Þetta hefur gengið stóráfallalaust og við spenntir fyrir þessari jákvæðu þróun,“ segir Helgi að lokum. -gpp

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Velkomin Lina!

Lina er byrjuð að vinna hjá okkur! Hægt er að panta tíma hjá henni á lobbyid.is, í Noona-appinu eða í síma 482 3111.

LOBBYID



ÖKULAND

Meiraprófsnámskeið í fjarkennslu hefst þann 12. apríl nk.

Endurmenntunarnámskeið atvinnubílstjóra í fjarfundi. Næsta lota hefst 6. apríl nk.

Nánar á okuland.is.



Héraðsnefnd Árnesinga bs. óskar eftir tilboðum í verkið:

Héraðsskjalasafn Árnesinga - húsnæði

Verkið felst í útvegum á framtíðarhúsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga. Um er að ræða um það bil 700m² húsnæði miðsvæðis á Selfossi, nýtt eða notað, sem þarf að henta sérstaklega þörfum héraðsskjalasafnsins samkvæmt nánari útlistun í útboðsgögnum.

Verklok eru á haustmánuðum árið 2022.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 8. apríl 2021. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Guðmund Hjaltason á skrifstofu Eflu á Suðurlandi með tölvupósti í netfangið gudmundur.hjalta-son@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Eflu að Austurvegi 1-5 á Selfossi fyrir **kl. 11.00 fimmtudaginn 22. apríl 2021** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Héraðsnefnd Árnesinga bs.

Bakaradrengrur frá Selfossi með fegurstu mottu ársins

Það er engin lurða í mönnum hjá GK bakaríi á Selfossi frekar en fyrri daginn þegar blaðamaður renndi við til að bera sprettuna augum og spyrja eigandann út í verðlaunin fyrir fegurstu mottu ársins. „Þetta er ánægjulegt og mikill heiður að fá þessi verðlaun,“ sagði Guðmundur þakklátur og skenkir kaffi.

Mottan ekki vinsæl heima

Þegar ég spyr Guðmund um það hvort almenn ánægja sé með mottuna á heimilinu koma vöflur á bakann. „Tja, ég get orðað það þannig að allir strákar eigi sér leynda drauma um að ná að púlla Tom Selleck, sem enginn getur, því það er bara einn þannig. En í mars á hverju ári fáum við glugga til þess að rækta mottuna án þess að það þyki tiltökumál. Þess vegna er um að gera að smala saman grönunum í mottu, án allra afleiðinga heima fyrir eða í samfélaginu, segir Guðmundur og brosir. Aðspurður um skegg-söfnunina kemur fram að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem hann skartar myndarlegu skeggi á efrivörinni. „Nei þetta hefur verið venjan undanfarin ár að ég hef í janúar, febrúar byrjað að láta þetta vaxa, svona án þess að spá of mikið í það. Þetta hjálpar vetrinum að líða hraðar að fylgjast með sprettunni eins og bóndi að vori.“

Styðja myndarlega við Krabbameinsfélag Árnassýslu
Þetta er þó ekki eina verkefnið



Guðmundur Helgi var ekki lengi að stilla sér upp fyrir ljósmyndarann.

sem Guðmundur og Kjartan hafa komið að í Mottumars og árvekníatöki Krabbameinsfélagsins. „Nei, það er rétt, við vorum að vekja athygli á málaflokknum í samstarfi við Krabbameinsfélag Árnassýslu. Við notuðum okkar miðla til þess. Þá stóðum við vaktina og bókuðum hér ástarpunga sem runnu út, okkur til mikillar gleði. Þær stóllur hjá Krabbameinsfélaginu keyrðu svo pungana til sinna eigenda. Okkur tókst að safna ágætis summu og höfum afhent það til félagsins. Okkur finnst það mikils virði að geta stutt við samfélagslega mikilvæg verkefni. Það skal hafa það í huga að einn af hverjum þremur karlmönnum getur fengið krabbamein á ævinni. Það er því til einhvers að vinna í að halda úti góðri þjónustu fyrir þá sem þurfa á henni að halda.

Krabbameinsfélag Árnassýslu hefur sannarlega gert það og við leggjum okkar á vigtina í því, vegna þess að án styrkja gæti slíkt félag ekki þrífist jafn vel og raun ber vitni.“

Aftur að verðlauninum fyrir fegurstu mottuna

Hvernig kom það til að þú fékkst verðlaun fyrir fegurstu mottuna? „Það voru fagmenn hjá Rakarastofunni Herramenn í Kópavogi sem fengu það hlutverk að velja fegurstu mottuna. Ég hef greinilega tikkað í boxin hjá þeim. Í umsögn dómnefndarinnar kemur fram að skegg Guðmundar hefði verið það yfirvararskegg sem skaraði fram úr á fagurfræðilegan hátt. „Guðmundur bakari á Selfossi er að mati dómnefndar ósnertanlegur í þessum flokki.“

-gpp

Gullkista Suðurlands

Auðlindir, náttúran, hrein og afersk matvæli, mannauður og áfram mætti telja, allt eru þetta helstu kostir Íslands. Við erum svo heppin að hafa þetta allt í okkar umhverfi hér á Suðurlandi og okkur hefur einnig lánast að nýta þessi gæði. Þessi sóknarfæri hafa skilað okkur öflugasta landbúnaðarhéraði landsins, mestu orkuöfluninni, vinsælustu ferðamannastöðunum og öflugum matvælafyrirtækjum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Undanfarin ár hafa komið upp áskoranir og blíkur verið á lofti. Ferðaþjónustan er í tímabundinni lægð, þrengt hefur að landbúnaðinum og regluverk þvælt fyrir orkuöflun, orku-dreifingu og orkuafgangi. Full ástæða er samt til bjartsýni vegna þess árangurs sem við höfum náð. Við höfum ráðist í innviðauppgjöngu sem styður við nýtingu okkar gæða ásamt því að gera það fýsilegra fyrir fólk að flytja aftur heim í sveitina. Stærsta verkefnið núna er uppbygging hafnarinnar í

Þorlákshöfn sem mun reynast lyftistöng um allt Suðurland og auka möguleika flestra þeirra atvinnutækifæra sem við höfum. Það hefur verið einstakt að fá að taka þátt í slíkum uppbyggingarverkefnum með ykkur, kæru Sunnlendingar. Einnig má nefna ljósleiðaravæðinguna, aukinn kraft í uppbyggingu vega, jöfnun dreifikostnaðar raforku ásamt auknum framlögum í niðurgreiðslu á flutningskostnaði rafmagns til garðyrkju-bænda.

Nýta verður gullið þar sem það gerir ekki mikið gagn í harðlæstri kistunni. Verkefnin framundan eru því að treysta á frelsi fólks til athafna, ryðja opinberum hindrunum úr vegi og gefa einkaframtakinu tækifæri til að vaxa og dafna. Virða eignaréttinn yfir hálendinu sem og annarsstaðar ásamt ferðafrelsi fólks. Mikilvægt er að innviðauppgjögingin haldi áfram samhliða grunnþjónustu innviðum eins og hjúkrunarheimilum, sjúkrabyrllu

Vilhjálmur Árnason

varaformaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.



og öflugu öryggisviðbragði í öllum skilningi. Þannig leysum við kraft fólks úr læðingi sem skapar árangur fyrir alla.

Takist okkur að tryggja sjálfstæði og frelsi Garðyrkjuskólans í Ölfusi og fleiri slíkra nýsköpunarklasa, byggja upp okkar flottu ferðamannastaði, nýta þekkingu okkar í matvælaframleiðslu, finna orkunni okkar hlutverk og ryðja hindrunum úr vegi mun atvinnulífið á Suðurlandi eflast og byggjast hratt upp. Þannig verður til öflugt skapandi velferðarsamfélag sem við getum verið stolt af. Það er ekki eftir neinu að bíða með að opna kistuna og nýta gullið okkur öllum til gagns og gæfu.



RANGÁRÞING YTRA HEILSU-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚI

Rangárþing ytra óskar eftir að ráða heilsu-, íþrótt- og tómstundafulltrúa. Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf.

Heilsu-, íþrótt- og tómstundafulltrúi ber ábyrgð á íþrótt- og tómstundamálum sveitarfélagsins og hefur forystu um heilsueflandi verkefni á vegum sveitarfélagsins. Hann er yfirmaður íþrótt- og félagsmiðstöðva í Rangárþingi ytra og annast stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og þróunarstarf í íþrótt- og tómstundamálum.

Reiknað er með að ráða í starfið frá og með 1. júní 2021.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum LN við viðkomandi stéttarfélag.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Hjá Rangárþingi ytra starfa um 150 manns í allt hjá hinum ýmsu stofnunum en skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett á Hellu. Hjá Íþróttamiðstöð starfa að jafnaði 6-8 manns auk sumarstarfsfólks.

Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl 2021. Umsókn skal senda með rafrænum hætti á agust@ry.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri (agust@ry.is - 488 7000).

Helstu verkefni:

- Þróun, skipulag og samræming íþrótt- og tómstundamála sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með rekstri íþrótt- og félagsmiðstöðva sveitarfélagsins.
- Vinnur í nánun samstarfi við stjórnendur grunn- og leikskóla sveitarfélagsins
- Tengiliður sveitarfélagsins við félagasamtök sem eru með skipulagða íþrótt- og tómstundastarfsemi í sveitarfélaginu.
- Er tengiliður og umsjónarmaður með verkefninu Heilsueflandi samfélag
- Hefur umsjón með og samræmir allt forvarnastarf, einkum er snýr að börnum og ungmennum
- Er faglegur stuðningur við Heilsu-, íþrótt- og tómstundaneftir
- Hefur frumkvæði að samskiptum og aðgerðum til að styrkja íþrótt- og tómstundamál og heilsueflandi verkefni í Rangárþingi ytra.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af rekstri, stjórnun og áætlanagerð
- Reynsla og þekking af íþrótt- og tómstundastarfi
- Þekking og reynsla í mannauðsstjórnun kostur
- Góðir forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Vínbúðin Þorlákshöfn leitar að starfsmanni í sumarvinnu

Við óskum eftir jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er breytilegt
eftir þörfum.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Nánari upplýsingar:

Friðborg Hauksdóttir, thorlakshofn@vinbudin.is – 560 7893

og Unnur Dóra Einarsdóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Á hverju ætlum við að lifa?

Á næstu 30 árum þurfum við að skapa um 60.000 ný störf. Það jafngildir 2.000 störfum á ári eða um 40 nýjum störfum í hverri einustu viku næstu 30 árin. Því liggur beinast við að spyrja sig: Á hverju ætlum við að byggja verðmætasköpun í samfélaginu í framtíðinni?

Höfum samt hugfast að þrätt fyrir að verkefnið virðist risavaxið við fyrstu sýn, og nánast illmögulegt í framkvæmd, þá höfum við gert nákvæmlega þetta áður og það tókst. Störfin eru nefnilega nánast jafn mörg og urðu hér til á síðustu 30 árum í ýmsum greinum iðnaðar, ferðaþjónustu og víðar.

Við höfum alla tíð byggt verðmætasköpunina á gjöfulem auðlindum sem Íslendingar búa yfir en það er að mínu mati alger nauðsyn að byggja næstu stoð í atvinnulífi þjóðarinnar á þeirri auðlind sem aldrei þrýtur; – hugvitinu.

Grunnurinn að lífsgæðum okkar er lagður í atvinnulífinu og við verðum að leita leiða til að auka útlutningstekjur þjóðarinnar. Við höfum alla burði til

að geta tekið þátt í því að leysa mörg af þeim viðfangsefnum sem heimurinn stendur frammi fyrir.

Við Íslendingar búum að reynslu af orkuskiptum er við beisluðum jarðhita til húshitunar fyrir um hundrað árum. Þá þekkingu höfum við flutt út til annarra landa með góðum árangri. Við búum yfir gríðarlegri þekkingu í sjávarútvegi sem hefur orðið til við nýsköpun og þróun þannig að nú eigum við tæknivæddan og skilvirkan sjávarútveg og mörg hátæknifyrirtæki í sjávarútvegi sem selja þekkingu sína til annarra landa.

Þá eigum við gríðarlega spennandi fyrirtæki í líftækni sem munu án efa skila miklum útflutningstekjum, til dæmis Kerecis, Algalif, GeoSilica, Genís og fleiri. Þetta eru dæmi um fyrirtæki sem munu taka þátt í að skapa þessi 60.000 störf sem þörf krefur til framtíðar.

Við höfum alla burði hér í Suðurlandinu til að skapa þúsundir starfa á næstu árum og áratugum í ýmsum atvinnugreinum. Má í því sambandi nefna ýmis spennandi verkefni



Guðrún Hafsteinsdóttir

í matvælaframleiðslu eins og til dæmis landeldi í Ölfusi sem mun kalla á hundruð starfa í framtíðinni ef áætlanir ganga eftir.

Missum aldrei sjónar á því að framtíð okkar hér í Suðurlandinu er björt í öllu efna-hagslegu tilliti. Það er okkar að grípa tækifærin og skapa okkar framtíð.

Árshátíð Víkurskóla

Undanfarnar tvær vikur hafa nemendur og kennarar í Víkurskóla lagt nótt við dag að undirbúa árshátíð skólans. Af-lýsa þurfti árshátíðinni á síðasta ári vegna sóttvarnaráðstafana, því var eftirvænting nemenda meiri en nokkru sinni áður. Víkurskóli náði með naumindum að halda árshátíðina þetta árið þar sem tilkynning um hertar sóttvarnaaðgerðir var gerð kunn sama dag og árshátíðin fór fram. Að þessu sinni settu krakkarnir upp verkið *Konungur ljónanna*, söngleik í þýðingu Ólafs Hauks Símonarsonar sem jafnframt gerði söngtexta. Aðalleikstjórar sýningarinnar voru þær Sif Hauksdóttir og Þorgerður Hlín Gísladóttir. Um förðun sá Salóme Þóra Valdimarsdóttir, Brian Haroldson og Jón Indriðason um tónlistina, Máni Blondé sá um hljóðblöndun og starfsmenn þjónustumiðstöðvar Mýrdalshrepps gerðu sviðsmyndina. Sýningin heppnaðist í alla staði frábærlega og var það mál manna að þetta hefði verið kærkomin skemmtun á loka-metrum veirulauss tímabils.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyra­vegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyra­vegi 25, Selfoss, fyrir hádegis­á mánuðögum.
Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Hér og hvar þeir hafa mig í hús úr steini.
Við þorsta er ég ágæt talin.
Ég er á ferð um Langadalinn.

Svar við gátu í blaði 2590: LEST.
1. lína: Járnbrautarlest - 2. lína: Bíla/hestalest
3. lína: Burðarþol skipa

Matgæðingur vikunnar er Jórunn Helena Jónsdóttir.

Jæja Katrín mín. Ég var viss um að konurnar væru að gera grín að mér þegar ég fékk að vita að þú hefðir vísað á mig og þar sem páskarnir eru á næsta leiti ætla ég að bjóða upp á fiskrétt, brauð og súkkulaðiostaköku.

Fiskréttur

600 - 800 gr. fiskflök og það má nota þann fisk sem manni þykir góður t.d. þorskur, langa, steinbítur eða karfi
1 blaðlaukur, skorinn í sneiðar
2 græn epli, í bitum
1 græn paprika, í bitum
2-3 msk. smjör eða matarolía
1-2 tsk. karri salt
2 dl rjómi eða matreiðslurjómi

Aðferð

Hitið smjórið (olíuna) á pönnu og bætið karri úti setjið lauk, papriku og epli úti. Látið krauma aðeins og hellið rjómanum yfir. Setjið fiskinn í stykkjum yfir og setjið lokið á. Eldist í ca.10-15 mín. Borið fram með góðu salati, kartöflum og/eða góðu brauði.

Gott og auðvelt brauð

700 gr. hveiti
1 bréf þurrger
400 ml volgt vatn
1 msk. salt
1 msk. sykurl

Sigtið hveitið og bætið geri, salti og sykri saman við áður en vatnið fer saman við. Hnoðið í nokkrar mínútur þar til deigið er orðið mjúkt. Látið standa í tvo tíma og hnoðið þá aftur og látið standa í eina klst. Hitið ofninn í 230°C og bakið í 30 mín. eða þar til holhljóð heyr-

Ég skora á stjúpson minn, **Pál Jónsson.**

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

ist þegar bankað er á brauðið. Það er líka ágætt að gera þetta að kvöldi og baka að morgni.

Einföld súkkulaðiostakaka

300 gr. súkkulaðikex
eða makkarónukökur
150 gr. brætt smjör
300 gr. rjómaostur
150 gr. flórsykur
½ ltr. rjómi
200 gr. suðusúkkulaði
1 dós sýrður rjómi
Fersk ber

Kex og brætt smjör er sett í botn á skál. Þá er rjómaosti hrært saman við flórsykurinn og þegar það er vel hrært saman er þeyttum rjóma blandað varlega saman við og þetta fer ofan á botninn. Þá er suðusúkkulaðið brætt og sýrðum rjóma blandað varlega saman við. Ofan á þetta er kjörið að setja fersk jarðarber og bláber eða hvað annað sem ykkur lesendum góðum þykir gott.

Að lokum ætla ég að skora á stjúpson minn hann Pál Jónsson að verða matgæðingur næstu viku en hann á það til að sýna góða takta við elda-mennskuna.

Árborg óskar eftir tilboðum í hönnun frístundamiðstöðvar

Sveitarfélagið Árborg hefur óskað eftir tilboðum í hönnun og ráðgjöf á nýrri frístundamiðstöð sem rísa á í sveitarfélaginu. „Verkefni ráðgjafa snýr að fullnaðarhönnun á útliti og innra skipulagi fyrir 1. og 2. áfanga framkvæmda

ásamt gerð útboðsgagna og annarra gagna fyrir 1. áfanga framkvæmda samkvæmt útboðsgögnum. Einnig felur verkefnið í sér valkostagreiningu á mismunandi byggingaraðferðum og ráðgjöf á meðan framkvæmdum stendur.“



blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Allt fyrir páskana

í Húsasmiðjunni og Blómavali



40%

Túlípanar
10 stk.

1.490 kr
2.450 kr

Páskagreinar
Forsythia,
3 greinar í búnti.

1.099 kr



Páskaliljur
Í potti. 10327505

879 kr



Páskaliljur
Afskornar, 10 stk.

1.490 kr



20%

OUTBACK

Gasgrill Omega 200
Grillflötur: 50x36 cm, tvískiptur
brennari, emaleruð grillgrind,
hliðarborð og neistakveikja.
3000255

23.990 kr
29.990 kr



20%

NÝTT

OUTBACK

Gasgrill Tango 4B
Grillflötur 70x42 cm, ryðrfitt,
afköst 12kW, fjórir brennarar,
hliðarbrennarahilla er líka til
staðar. 3000229

51.990 kr
64.990 kr



20%
9 ltr.

Vegg- og loftamálning 9 ltr.
Hentar bæði á loft- og vegg.
7119781-4

7.490 kr
9.995 kr



Afgreiðslutími um páskana

Sjá opnunartíma á husa.is

Selfoss


1. apríl (Skírdagur): **11-15** (Tímursala lokuð)
2. apríl (Föstudagurinn langi): Lokað
3. apríl: **10-16** (Tímursala opin frá kl. 10-14)
4. apríl (Páskadagur): Lokað
5. apríl (Annar í páskum): Lokað

Hvolsvöllur

1. apríl (Skírdagur): Lokað
2. apríl (Föstudagurinn langi): Lokað
3. apríl: **10-14** (Tímursala 10-14)
4. apríl (Páskadagur): Lokað
5. apríl (Annar í páskum): Lokað



82%

Sunnlendinga lesa
Dagskrána í hverri viku

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsia@keyrsia.is - www.keyrsia.is - f /keyrsia.is



Vegna aðalfundar 2021

Uppstillingarnefnd Bárunnar, stéttarfélags hefur sent frá sér tillögu að lista samkvæmt lögum sem samþykkt voru á aðalfundi 2017.

Nefndin leggur fram tillögu að lista til stjórnar og nefnda Bárunnar. Listi uppstillingarnefndar liggur frammi til kynningar hjá Bárinni, stéttarfélagi á Austurvegi

56, Selfossi, með fyrirvara um stöðu mála varðandi Covid 19, og á heimasíðu félagsins frá og með þriðjudeginum 30. mars 2021.

Á aðalfundi Bárunnar 2021 skal kosið í stjórn um varaformann og þrjá meðstjórnendur og þrjá í varastjórn. Úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs (3 aðalmenn og 2 varamenn), uppstillingarnefnd (3 aðalmenn og 1 varamann), kjörstjórn (2 aðalmenn og 2 varamenn) og um skoðunarmenn reikninga (2 aðalskoðunarmenn og 2 varamenn).

Frestur til að bjóða sig fram eða bera fram aðrar tillögur til uppstillingarnefndar er til og með 30. apríl 2021.



Sumar 2021

Kæru félagsmenn FOSS. Miðvikudaginn 7. apríl verður opnað fyrir umsóknir á sumarhúsum og íbúðum FOSS fyrir sumarið 2021. Opnunin er punktastýrð. Punktastýrð úthlutun fer eftir orlofspunktategn félaga. Á hverju tímabili gildir reglan „fyrstur kemur - fyrstur fær“.

Sumartímabilið er 12. júní – 14. ágúst.

Úthlutun opnar þessa daga:

7. apríl 400 – 1.000 punktar

9. apríl 250 – 1.000 punktar

12. apríl opnar fyrir alla félagsmenn óháð punktastöðu.

Húsin sem eru í boði:

Skógarsel

Munaðarnes 13

Reykjavík 2 íbúðir

Stykkishólmur, íbúð

Fáskrúðsfjörður, íbúð

Hólar í Hjaltadal, íbúð

Flúðir, íbúð-Nýtt

Blönduós, orlofshús-Nýtt

Akureyri, íbúð-Nýtt

Orlofsnefndin

Mér hefur alltaf látið vel að segja sögur
-segir lestrarhesturinn Helga Ragnheiður Einarsdóttir

Helga Ragnheiður Einarsdóttir er kona alin upp í Hrunamannahreppi en hefur nú í ríflega hálfra öld búið í austurbænum á Selfossi. Hún hefur sinnt ýmsum störfum meðfram heimilishaldi og barnauppleidi en undan nú við það sem henni sýnist best. Sund og skriftir eru þar ofarlega á blaði. Í vetur gaf hún út bókina *Með björtum augum - Frá upphafi til eftirlauna* og er hún til sölu heima hjá höfundu.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Nú er ég að lesa bók sem heitir *Á milli landshorna, bernsku og æskuár* eftir Sigurði Sigurmundsson sem var bóndi í minni sveit, Hvítárholti í Hrunamannahreppi.

Félsbókavinnur minn vitnaði í þessa bók á dögunum og minnti á hana, líklega hafði ég ekki nægan þroska til að hafa áhuga á henni þegar hún kom út árið 1993.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Bækur sem segja frá því sem telst vera raunverulegt, einkum æviminningar og sögulegar skáldsögur.

Ertu alin upp við lestur bóka?

Ég varð snemma læs og það var til nóg af bókum heima og á næstu bæjum. Ég man líka eftir kjarngóðum bókmenntum hjá ömmu og afa á Hulduhólum í Mosfellssveit en þar fékk ég alltaf að vera einhvern tíma á hverju ári. Það var örugglega lesið fyrir mig í byrjun en snemma var ég farin að lesa sjálf og las þá allt sem ég náði í: *Dísu ljósálf*, *Bláskjá*, *Dimmalimm*, allar þessar hrollvekjandi barnabækur þess tíma. Ég man lítið eftir unglingabókum, en var snemma farin að lesa skáldsögur eins og *Líf í lækniendi* eftir Slaughter og *Þrúgur reiðinnar* eftir John Steinbeck. Það var aðeins ein bók eða víst frekar tvær eða þrjár samfelldar bækur sem ég ekki fékk að komast

í en það boru bækurnar um *Leyndardóma Parísarborgar* sem ég vissi að voru vandlega faldar í efsta skápnum í svefnherbergi mömmu og pabba. Ég reyndi heldur aldrei að nálgast þær. Svo voru líka myndskreyttar listaverkabækur um Ríkhart Jónsson og Einar Jónsson sem satt að segja og því miður komust ekki skaðlausar frá lestri okkar systkina. *Ditta mannsbarn* eftir Martin Andersen Nexö hefur fylgt mér alla tíð og ég les hana helst ennþá á hverju ári.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Þær eru í nokkuð föstum skorðum. Ég les þegar ég er að fara að sofa á kvöldin, sjaldan í annan tíma. Þó verð ég að viðurkenna að nú í vetur á leiðinlegasta Covid tímum, lagðist ég í lestur nærri því allra bóka Guðrúnar frá Lundi og gat þá setið við lestur á öllum lausum stundum, líka meðfram misjafnlega áhugaverðri sjónvarpsdagskrá og langt fram á nætur. En svona græðgislestur á ég ekki við að stríða yfirleitt.

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfundu?

Kannski á ég einn uppáhaldshöfund og reyni að eignast allt sem ég finn eftir hann en það er Björn Th. Björnsson heitinn sem var snilldarhöfundur og nærri því sama hvað hann fjallaði um, allt var svo dæmalaust skiljanlegt og vel fram sett. Við erum eða vorum reyndar skyld, bæði afkomendur Hraunfólksins í Þingvallasveitinni. Böðvar Guðmundsson er líka í uppáhaldi með *Híbyli vindanna* og *Lífsins tré* ásamt Kristínu Mörlu Baldursdóttur með *Karítas* sögurnar sínar. En ég eltist ekki samt við allt frá þeim höfundum.

Hefur bók rænt þig svefni?

Engin sérstök bók hefur haldið fyrir mér vöku en það hefur stundum komið fyrir að ég vaki lengur en æskilegt er þegar



Helga Ragnheiður Einarsdóttir.

þannig stendur á. Guðrúnar frá Lundi tímabilið í vetur er gott dæmi um slíkt.

Breytir bóklestur viðhorfi manna til lífsins?

Hvort bækur geti breytt viðhorfi eða skoðunum manna almennt hef ég lítið hugsað um en líklega getur það alveg átt sér stað. Sennilega þarf þó eitthvað meira að koma til en lesturinn einn og sér. Kannski gæti þetta helst gerst á unglingarárum áður en fólk hefur almennt skapað sína eigin persónu og er móttækilegast fyrir allskonar utanaðkomandi áhrifum. En auðvitað koma fyrir atriði í bókum sem sýna manni bæði gott og illt, sem maður þá hugleiðir og langar kannski til að leika eftir - eða ekki.

En að lokum Helga, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú ynnir sem rithöfundur?

Mér hefur alltaf látið vel að segja frá, segja sögur eins og ég nýtti mér óspart þegar ég gegndi starfi stuðningsfulltrúa Vallaskóla. Þá þurfti ég kannski að halda ró í heilum bekk, jafnvel þeim sjöunda. Þá kom sér oft vel að geta sagt frá einhverju sem ég hafði lent í eða gat skáldað á staðnum. Ég gaf reyndar út bók í vetur sem heitir *Með björtum augum, minningar frá fæðingu til sjötugs*. Og sú bók segir sögur. Þess vegna eru minningar og frásagnir minn stíll, alveg vonlaust að ég myndi skrifa um eitthvað sem ekki gæti gerst í alvörunni. Alla vega hefur mér aldrei dottið það í hug enn sem komið er.

Lestrarhestur númer 112.
Umsjón Jón Özur Snorrason.

Eyrarbakkaljósmyndir Sigurðar kaupmanns

Síðastliðin laugardag opnaði Sýning á Eyrarbakkaljósmyndum Sigurðar Kristjánssonar kaupmanns á Eyrarbakka. Sýningin er haldin í borðstofu Hússins á Eyrarbakka.

Sigurður Kristjánsson (1896-1977) kaupmaður á Eyrarbakka var áhugaljósmyndari sem tók myndir af sínu nánasta umhverfi hvort sem það var fjölskyldan, heimilið, þorpið eða hátíðarhöld. Athyglisverðar eru ljósmyndir hans af gömlum húsum og staðsetningu þeirra

sem gefa einstakt sjónarhorn á Eyrarbakka um miðja 20. öld. Mörg húsanna sem Sigurður fangaði með ljósmyndavél sinni eru nú horfin.

Sýningin er unnin í samvinnu við eiganda myndanna Jón Sigurðsson fangavörð son ljósmyndarans.

Sýningin stendur til maíloka. Opíð verður kl. 14-17 um páskana til 5. apríl. Aðgangur ókeypis um páskana.

Fjöldatakmörkanir eru vegna sóttvarnareglna. Aðeins 10 gestir,



Apótek Skjaldbreið og Ömmubær.
Ljósmyndari: Sigurður Kristján.

að undanskildum börnum fædd 2015 og síðar, mega vera í hverju rými safnsins. Grímuskýlda er.

Auglýsing á skipulagstillögum í sveitarfélaginu Ölfusi



Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í samræmi við 1. og 2. málsgrein 40. greinar og 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 á 289. fundi bæjarstjórnar sveitarfélagsins Ölfuss.

Tvær deiliskipulagsbreytingartillögur:

Skipulag Mána-, Vetrar- og Sunnubrautar

Breyting á deiliskipulaginu „Deiliskipulagsbreyting við Egilsbraut 9“

Bæjarstjórn samþykkti á 288. fundi sínum þann 25. febrúar síðastliðinn að auglýsa breytingu á deiliskipulaginu samkvæmt 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Þetta er gert til að tryggja aðkomu sem flestra að málinu og svo að auglýsa megi lóðir sem deiliskipulagið markar eftir úthlutunarreglum sveitarfélagsins.

Breyting á deiliskipulaginu „Deiliskipulag fyrir Lindarbæ í Ölfusi“ vegna lóðarinnar Lindarbær B.

Byggingarreitur á lóðinni er stækkaður til vesturs svo koma megi fyrir aðstöðuhúsi innan hennar. Við þetta hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar í allt að 0,16. Breytingin er í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2010 - 2022.

Tillögurnar verða til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss frá 31. mars til 12. maí 2021. Frestur til að gera athugasemdir er frá 31. mars til 12. maí 2021. Athugasemdir sendist í tölvupósti á netfangið skipulag@olfus.is eða skriflega á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn.

Tvær skipulagslýsingar:

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar við Ingólfshvol í Ölfusi.

Hugmyndir eru meðal annars um að marka lóðir fyrir 4 einbýlishús og 4 frístundahús á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags. Einnig er reitur á svæðinu skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsgerðar fyrir Þórstaðanámu í Ingólfsfjalli í Ölfusi.

Fyrirhuguð er breyting á aðalskipulagi sem felur í sér nýja skilgreiningu á hámarks-efnistökumagni, stækkun efnistökusvæðis og skilgreiningu á iðnaðarsvæði í námunni. Í deiliskipulagi sem mun ná yfir um 57 ha verður gerð grein fyrir núverandi ástandi og fyrirhuguðum framkvæmdum. Settir verða fram skilmálar um landnotkun, aðstöðu-byggingu, aðkomu og vernd náttúru- og menningarminja.

Skipulagslýsingarnar verða til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss frá 31. mars til 28. apríl 2021. Frestur til að gera athugasemdir er frá 31. mars til 28. apríl 2021. Athugasemdir sendist í tölvupósti á netfangið skipulag@olfus.is eða skriflega á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

Vínbúðin Hveragerði leitar að starfsfólki í sumarvinnu

Við óskum eftir jákvæðum og röskum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Nánari upplýsingar:

Ragnheiður Guðmundsdóttir, hveragerdi@vinbudin.is – 560 7887
og Unnur Dóra Einarsdóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hóp bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lípurð, þekkingu og ábyrgð.



ÚTBOÐ

Frístundamiðstöð í Árborg
Hönnun og ráðgjöf

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið *Frístundamiðstöð - Hönnun og ráðgjöf* í samræmi við útboðsgögn.

Verkefni ráðgjafa snýr að fullnaðarhönnun á útliti og innra skipulagi fyrir 1. og 2. áfanga framkvæmda ásamt gerð útboðsgagna og annarra gagna fyrir 1. áfanga framkvæmda samkvæmt útboðsgögnum. Einnig felur verkið í sér valkostagreiningu á mismunandi byggingaraðferðum og ráðgjöf á meðan framkvæmdum stendur.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 26. mars 2021. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender#/tender/edit/c3a91bb3-bc60-4940-b7db-135239a8c1df/0>

Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér: <https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Lóðir til úthlutunar á Selfossi



Árborg auglýsir til
úthlutunar nýjar lóðir í
I og II áfanga í landi Bjarkar á Selfossi

Íbúðarlóðir í I áfanga Björkustykkis


Um er að ræða 4 einbýlishúsalóðir, 2 parhúsalóðir, 4 raðhúsalóðir og 3 fjórþýlishúsalóðir.

Áætluð afhending er 20. júlí 2021

Íbúðarlóðir í II áfanga Björkustykkis

Um er að ræða 24 einbýlishúsalóðir, 12 parhúsalóðir og 4 raðhúsalóðir.

Áætluð afhending er 15. september 2021



Nánari upplýsingar um lóðirnar og skipulags- og byggingarskilmála má nálgast á heimasíðu Árborgar www.arborg.is

Einungis verður tekið á móti umsóknum með rafrænum hætti í gegnum "Mín Árborg" á heimasíðu sveitarfélagsins www.arborg.is. Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl 2021.

Við úthlutun lóða verður farið eftir reglum um úthlutun lóða í Sveitarfélaginu Árborg, samþykktum í bæjarstjórn Árborgar 17. febrúar 2021.



Sveitarfélagið
ÁRBORG
www.arborg.is

Konur með kennitölu

Þegar ég var lítil þá voru það karlarnir í sveitinni sem fóru á afrétt á haustin, ásamt strákum yfir fermingu og stelpum frá fermingu og þangað til þær urðu „fullorðnar“ konur. Þegar þær voru orðnar fullorðnar konur þá voru þær heima, pössuðu börnin, mjólkkuðu kýrnar og/eda tóku upp kartöflurnar á meðan fullorðnu karlarnir héldu á vit öræfanna í glöðum hópi. Á þessu var þó ein undantekning í næstu sveit, kona sem alltaf fór á afrétt ásamt manni sínum. Ég er alveg viss um að það voru þá bæði konur og menn sem dáðust að henni fyrir það að gera það sem hana langaði. Fara til fjalls á góðum hesti og smala kindum, eins og henni þótti skemmtilegt og leysti vel af hendi, en þær raddir heyrði ég aldrei þá, bara núna síðari ár. Ég man hins vegar vel eftir þessum mínunum og fleiri körlum í Skaftártungu hneykslast á þessu framferði hennar ár eftir ár, að þvælast með karlinum í afréttinn í staðinn fyrir að vera heima og hugsa þar um sitt. Þess má geta að börn þessara hjóna komust afar vel til manns þrátt fyrir fjallferðir beggja bændanna á bænum, móður og föður. Þetta hefur sem betur fer breyst og ég og fleiri miðaldra búandi konur förum á afrétt á hverju hausti án þess að karlarnir í nærliggjandi sveitum hafi þar um sérstök orð eða áhyggjur, mér vitanlega að minnsta kosti. Eins er á fleiri sviðum orðið viðurkennt að hjón eða sambúðarfólk í búskap deili verkum og ábyrgð og yfirráðum. Konum hefur líka fjölgað í embættum og félögum tengdum landbúnaði. Samt er helmingaskiptingu enn ekki náð og konur í landbúnaði því oft „ósýnilegar“ út á við þrátt fyrir svipað vinnuframlag til bús og oftast meira til heimilis. Eftir nýafstaðna vinnutörn við að telja fóstur í sauðfé fyrir bændur sendi ég út stóran bunka af reikningum fyrir þessa þjónustu. Af þeim eru 10% stílaðir á einkahlutafélag, 17% af þeim eru stílaðir á konur og en langstærsti hlutinn 73% er stílaður á karla. Svipaður hluti karla og kvenna innan þessa hóps búa ein, af sambúðarfólki er allur gangur á því hvort annað eða bæði stunda vinnu utan bús. Upp úr stendur að stór meirihluti þessara búa eru, samkvæmt gamalli og ráðandi hefð, rekin á kennitölu karlmannsins, hann er sýnilegi aðilinn. Þegar konan á bænum fer að versla inn rekstrarvörur fyrir búið þeirra beggja gefur hún upp kennitölu mannsins síns, af hverju? Jú af því að á Íslandi, sem er hvað fremst í heimi þegar kemur að jafnrétti, eru þessar hefðir enn svona sterkar. Mér ógleymanlega fór ég fyrir nokkrum árum í landbúnaðarvöruverslun á Selfossi. Þar var nýr starfsmaður sem ekki þekkti mig og hann skráði inn í tölvuna það sem ég ætlaði að kaupa. Ég sagði eins og vaninn er „mig vantar“ og „ég



Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

ætla að fá“ en þegar hann hafði lokið við að skrá inn hinar ýmsu rekstrarvörur fyrir sauðfjárbú og ég hafði tjáð honum að þetta færi í reikning spurði hann: „Ertu þá með kennitöluna hjá þeim sem er með reikninginn?“ Ég sagði honum svona passlega ákveðið að já vissulega kynni ég kennitöluna mína alveg ágætlega. Miðað við fátíð sem kom á hann þá hefur hann vantanlega ekki afskrifað næstu konu sem kom inn í búðina sem kennitölulausa konu í karlaheimi, nema allavega spyrja fyrst.

En þetta er svo sem ekki einstök staða. Ef við lítum til annarra fyrirtækja en sveitabæja þá er svipað ástand þar. Karlur og konur vinna hörðum höndum, en karlar stjórna í meirihluta tilvika. Samkvæmt tölum hagstofunnar frá 2020 eru konur um fjórðungur stjórnenda í fyrirtækjum með undir 50 starfsmenn, um fjórðungur framkvæmdastjóra í fyrirtækjum og um þriðjungur stjórnarmanna í fyrirtækjum með fleiri en 50 starfsmenn. Vissulega hefur þetta þokast í rétta átt frá síðustu aldamótum, en jöfnuði er hvergi nærri náð. Það er meðal annars vegna þessa sem ég fylgi Vinstri grænum að málum. Innan Vg er það skýr regla að hvergi halli á konur, þess er gætt í forvalsreglum og uppstillingum, vali og kosningum í öll embætti. Það er nefnilega ekki tilviljun heldur bein þörf að ýmskonar kynjakvótar og kynjareglur hafa verið settar á víða í samfélaginu. Jafnrétti fylgir full nýting á vinnuframlagi og hugviti beggja kynja. Einnig fást breiðari sjónarmið og víðari nálgun með þeirri aðkomu, en jafnrétti næst hins vegar seint nema því sé handstýrt að einhverju leyti, til þess er vaninn af sterkur og þægindin við að falla bara í gamla farið of mikil.

Höfundur er Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, bóndi, sveitarstjórnarkona og varapeningmaður Vg í Suðurkjördæmi og gefur kost á sér að leiða listann í kjördæminu í komandi alþingiskosningum.

Árborgarsíðan

Fréttir og fróðleikur frá Sveitarfélaginu Árborg



Hefjum störf!

Til að draga úr líkum á lang- tímaatvinnuleysi og koma til móts við þá einstaklinga sem fullnýta bótarétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins hefur félagsmálaráðuneytið haft til skoðunar ýmsar leiðir. Ýmislegt bendir til þess að núverandi regluverk gagnist ekki nægilega vel til þess að örva lítil og meðalstór fyrirtæki til að fjölga ráðningum eða hvetja sveitarfélög, opinberar stofnanir og félagasamtök sem rekin eru til almannaheilla til þess að nýta ráðningastyrki til að flyta ráðningum og ráðast í ýmis mikilvæg samfélagsverkefni með því að búa til ný tímabundin störf. Í ljósi þess hefur verið ákveðið að ráðast í áttaksverkefnið Hefjum störf sem lýst er hér. Finna má frekari upplýsingar á síðunni hefjumstorf.is.

Hinu nýja átaki, Hefjum störf, er ætlað að aðstoða allt að 4.000 atvinnuleitendur, sem verið hafa lengi án atvinnu og eru við það að fullnýta eða hafa fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta á síðustu mánuðum, við að hefja störf að nýju. Í vor er svo stefnt að því að aðstoða allt að 3.000 námsmenn við að fá sumarstörf, en það verður kynnt betur þegar nær dregur.

Hefjum störf - fyrir fyrirtæki með færri en 70 starfsmenn

Vísbendingar eru um að mörg þeirra fyrirtækja sem komist hafa í gegnum efnahagsþrengingar undanfarinna missera geti ekki nýtt sér ráðningastyrki til að hraða ráðningum þar sem þau hafa ekki fjárhagslega burði til að greiða mismun á ráðningastyrk og kjarasamningsbundnum launum þrátt fyrir þá miklu aðstoð sem felst í úrræðinu. Því hefur verið ákveðið í tengslum við hið nýja átak að Vinnumálastofnun verði heimilað að greiða fyrirtækjum með færri en 70 starfsmenn, sem ráða til sín einstakling sem verið hefur án atvinnu í tólf mánuði eða lengur, full laun skv. kjarasamningum



Félags- og barnamálaráðherra og bæjarstjóri Árborgar við undirritun samnings um móttöku flóttafólks.

á hámarki kr. 472.835 á mánuði, sem er hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta, auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð. Samningur getur verið til allt að sex mánaða. Stefnt er að því að allt að 2.000 atvinnuleitendur verði ráðnir á grundvelli þessa úrræðis.

Hefjum störf - fyrir sveitarfélög og opinberar stofnanir

Til að koma til móts við þann hóp sem er við það að fullnýta bótarétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins eða hafa nýlega fullnýtt bótarétt sinn er lagt til að farið verði í sérstakar aðgerðir til að aðstoða einstaklinga í þeim hópi við að öðlast að nýju sjálfstæðan sess á vinnumarkaði. Því hefur verið ákveðið í tengslum við hið nýja átak að Vinnumálastofnun verði heimilt að greiða sveitarfélögum og opinberum stofnunum ráðningastyrk í allt að sex mánuði (tölf mánuði fyrir þá sem eru með skerta starfsgetu) vegna ráðningar einstaklinga sem eiga minna en sex mánuði eftir af rétti sínum til atvinnuleysisbóta þ.e. hafa verið án atvinnu í 24 mánuði eða lengur. Þessi leið verður einnig í boði fyrir einstaklinga sem fullnýtt hafa bótarétt sinn

frá 1. október 2020. Heimilt verður að greiða ráðningastyrki sem nemi fullum launum skv. kjarasamningum að hámarki kr. 472.835 á mánuði, sem er hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta, auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð. Stefnt er að því að allt að 1.500 atvinnuleitendur verði ráðnir á grundvelli úrræðisins.

Hefjum störf - fyrir félagasamtök sem rekin eru til almannaheilla

Lagt er til að félagasamtökum, sem rekin eru til almannaheilla og án hagnaðarsjónarmiða, verði gert kleift að stofna til tímabundinna áttaksverkefna með því að auka heimildir Vinnumálastofnunar til að greiða þeim ráðningastyrki sem nemi fullum launum skv. kjarasamningum að hámarki kr. 472.835 á mánuði sem er hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta, auk 11,5% mótframlags í lífeyrissjóð í allt að sex mánuði. Til viðbótar geta frjáls félagasamtök fengið sérstakan styrk sem nemur allt að 25% af fjárhæð þess styrks sem greiddur er hverju sinni til þess að standa straum af kostnaði við sérstök tímabundin áttaksverkefni svo sem við landvernd, viðhald göngustíga, landhreinsun, gróðursetningu, íþróttar- og afþreyingarstarf fyrir börn og unglinga o.s.frv. Það skilyrði er sett að viðkomandi atvinnuleitandi hafi verið án atvinnu í tólf mánuði eða lengur. Stefnt er að því að allt að 500 atvinnuleitendur verði ráðnir á grundvelli úrræðisins

Frítt er í strætó innan Árborgar fyrir alla aldurshópa

Frá 2. janúar 2021 er frítt fyrir alla aldurshópa í Árborgarstrætóinn og því geta allir íbúar Árborgar nýtt sér innanbæjarstrætó endurgjalds-laust. Að auki fjölga ferðum upp í tíu á virkum dögum og fimm um helgar þar sem ekið er bæði laugardaga og sunnudaga.



Árborgarstrætóinn nýttist að auki sem frístundaakstur milli þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu og tengist við frístundaaksturinn innan Selfoss.



Nýr rekstraraðili í Tryggvaskála á Selfossi

Samningar hafa tekist við Tómas Þóroddsson og Idu Grundberg, eigendur Kaffi Krúsar og Vors, um veitingarekstur í Tryggvaskála á Selfossi. Stefnt er að því að opnað

verði á nýjan leik ekki síðar en í maí næstkomandi og víst er að margir biða spenntir eftir að komast aftur á þennan elsta áningarstað Selfoss.



Gámasvæði Árborgar

Víkurheiði 4, 800 Selfoss

Opnunartímar:

Mánudaga - Föstudaga: Kl. 10:00 - 17:00

Miðvikudaga: Kl. 10:00 - 18:30

Laugardaga: Kl. 10:00 - 17:00

Sunnudaga: Lokað

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is



Kjörísbikarinn er kominn heim! Hamar bikarmeistari 2021

BLAK Hamarsmenn hafa verið óstöðvandi á tímabilinu og eru eina taplausa liðið í Mizuno-deildinni og í bikarkeppinni. Hamar mætti Vestra í fyrri leik undanúrslita Kjörísbikars karla og fór sá leikur 3-0 fyrir Hamri en Hamar hefur aldrei áður leikið til úrslita í bikarnum.

Afturelding, sem varð bikarmeistari 2017, vann HK í seinni leik undanúrslita. Mikil spenna var fyrir úrslitaleiknum sem fór fram í Digranesi 14. mars síðastliðinn. Afturelding byrjaði leikinn af krafti og leiddi framan af fyrstu hrinu leiksins. Hamar aftur á móti náði undir lok hrunnar yfirhöndinni og vann með minnsta mun, 25-23 og tók 1-0 forystu í leiknum.

Í annarri hrinu fóru Mosfell-ingar aftur vel af stað en hvorugt

lið náði meira en eins stigs forystu frá því stöðunni 12-11 þar til undir lokin. Hamar vann 26-24 og leiddi 2-0.

Þriðja hrinan fór betur af stað fyrir Hamarsmenn og spiluðu þeir af miklum krafti og náðu fjögurra stiga forystu sem Afturelding á móti tókst að minnka í eitt stig, 19-18. En Hamar lét Mosfellinga ekki stöðva sig og unnu þriðju hrinuna 25-21 nokkur sannfærandi. Hamar vann leikinn 3-0 og tryggði sér Kjörísbikarmeistaratitilinn árið 2021.

Stigahæstur í liði Hamars var Wiktor Mielczarek með 21 stig og var hann jafnframt valinn besti leikmaður úrslitaleiksins. Það var frábært að fá að spila loksins aftur fyrir framan áhorfendur og var uppselt á leikinn og færri komust að en vildu.

Gaman er að segja frá því að tveir fyrrverandi Hamarsmenn léku með Aftureldingu, þeir Sebastian S. Meyer, miðjumaður og Sigbór Helgason. Sebastián er sonur Barböru Meyer, sem var á sínum tíma einn stofnenda blakdeildar Aftureldingar og er núverandi formaður blakdeildar Hamars.

Þrátt fyrir að Hamarsmenn hafi sótt Kjörísbikarinn heim verður ekkert slakað á. Spiluðu þeir deildarleik í Neskaupstað þann 21. mars sem þeir unnu 3-0. Heimaleiknum, sem átti að fara fram miðvikudaginn 24. mars klukkan 20.00 í Hveragerði á móti Þrótti Vogum, var frestað um óákveðinn tíma vegna COVID-19 -Hamar/BM

Krakkarnir í Hamri fengu að spila með bikarmeisturum

BLAK Fimmtudaginn 18. mars var kátt í Hamarshöllinni þegar bikarmeistararnir í blaki mættu á krakkablaksæfingu uppi í Hamarshöll. Fengu börnin og unglingarnir að spjalla við meistarana og síðar var farið í

æfingar og að spila saman. Frábært framtak hjá blakdeildinni að gefa yngri kynslóðinni kost á að hitta bikarmeistarana og bjóða upp á þessa samveru. Seinna gafst svo öllum tækifæri til að láta taka myndir af sér með

bikarmeisturum og bikarnum! Kjörískóngurinn sjálfur, Valdimar Hafsteinsson, bauð auðvitað öllum upp á Kjörís í lokin. Myndirnar tala sínu máli.

Myndirnar tók Þórhallur Einarsson. -Hamar/BM



Vel heppnað Vormót í yngri aldursflokki

JÚDÓ Vel heppnað Vormóti JSÍ í yngri aldursflokki fór fram á Akureyri 13. mars. Mótið var í umsjón júdódeildar KA eins og undanfarin ár og fórst þeim það vel úr hendi en Hans Rúnar Snorrason hafði yfirumsjón með því.

Hægt var að fylgjast með framvindu mótsins á netinu og auk þess var það í beinni útsendingu sem var frábært, sérstak-

lega fyrir þá sem ekki komust á mótstað.

Keppendum frá júdódeild Selfoss gekk ágætlega á mótinu og unnu til margra verðlauna.

Fannar Júlíusson 2. sæti U15 -55 kg, Styrmir Hjaltason 2. sæti U15 -66 kg, Ottó Ólafsson 3. sæti U15 -66 kg, Arnar Arnarsson 2. sæti U15 -73 kg og Hrafn Arnarsson 2. sæti U21 -100 kg. -Umf. Selfoss/GS



Styrmir(t.v.) með silfurverðlaun og Ottó Loki (t.h.) með bronsverðlaun. Ljósmynd: Umf. Selfoss



Alexander Kuc (t.v.) varð í 2. sæti. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Góður árangur á Vormóti JSÍ

JÚDÓ Vormót fullorðinna fór fram 20. mars í húsnæði Júdófélags Reykjavíkur. Keppendur frá Selfossi sýndu góð tilþrif og unnu til verðlauna í þremur flokkum.

Böðvar Arnarson varð í öðru sæti í -90 kg, Alexander Kuc varð annar í -66 kg, Jakub Tomczyk varð í þriðja sæti í -73 kg og Vésteinn Bjarnason varð fjórði í -66 kg. -Umf. Selfoss/GS



Kæru Sunnlendingar

Töfrandi raddir í Selfosskirkju

Alltaf er eitthvað um að vera hér í Menntaskólanum að Laugarvatni og látum við okkur ekki leiðast.

Vikan um miðjan mars er hin hefðbundna kennsla brotin upp og er gerður dagamunur þar sem fjölbreytt námskeið og viðburðir eru viðhafðir. Má þar nefna leit með björgunar-sveitahundum, sirkus og félagsvist. Skyldumæting var á fyrirlestur hjá Bjargráði sem er félag læknanema um endurlífgun og skyndihjálp. Síðasta dag vikunnar var Dollinn haldinn þar sem nemendum og starfsfólki skólans er skipt í lið og keppa þau í ýmsum þrautum. Þema ársins var Disney og báru liðin heiti tengt því. Þess má geta að lið Toy Story bar sigur úr býtum þetta árið og fær farandbikar til varðveislu í skólanum.

Föstudagskvöldið 19. mars var árs hátíð ML haldin í íþróttahúsinu á Laugarvatni. Allir voru í sínu fínasta, salurinn fallega skreyttur og söng kórinn



í fyrsta skipti frá síðustu árhátíð sem var kærkomið. Svenni kokkur og starfsfólk útbjuggu þriggja rétta máltíð sem fór vel í mannskapinn. Stefán Magnússon var veislustjóri að þessu sinni og stóð sig með prýði. Hitinn á dansgólfinu var þó ekki eins gríðarlegur og á Reykjanesskaga þar sem gos átti sér stað um kvöldið.

Umsjón: Oddný Lilja Birgisdóttir og Amy Phernambucq.

Tónleikar Barna- og unglingakórs Selfosskirkju fór fram þann 14. mars sl. í Selfosskirkju. Einsöngvari á tónleikunum var Eyjólfur Eyjólfsson. Það er ekki ofsögum sagt að þeir heppnu áhorfendur sem voru viðstaddir tónleikana sunnudaginn 14. mars í Selfosskirkju hafi verið vitni, bæði í heyrn og sjón, að minniháttar undri.

Unglinga- og barnakór kirkjunnar héldu tímamótatónleika í ákveðnum skilningi, nánar tiltekið fyrsta opinbera tónlistarviðburðinn á staðnum eftir 16 mánaða tilneytt Covid-hlé. Undir stjórn Editar Önnu Molnár, kórstjórmannda, var fundin leið til árangursríks undirbúnings og æfinga þrátt fyrir krefjandi tímabil með tilheyrandi skólalokunum, samkomubönnunum og sóttkvíum.

Tónleikagestir í yfirfullri kirkju (í samræmi við viðeigandi reglur um sóttvarnir og fjölda) nutu þess að hlusta á töfrandi englaraddir barnanna. Á fjöl-



breyttri og skemmtilegri dagskrá var að finna bæði íslensk þjóðlög, barnalög og kirkjuleg lög sem voru flutt af nákvæmri fagmennsku þar sem áhersla var lögð á öll smáatriði í tónlistinni, sem er sérkennandi fyrir fagmenn í tónlistarflutningi. Hægt var að finna fyrir erfiði, auðmýkt og einbeitingu gegnum glæsilegan árangur, á bak við öll sungin orð, setningar og erindi.

Ekki var þurrt auga í salnum eftir flutninginn. Kolbrún Berglind Grétarsdóttir stjórnaði Barnakór, auk þess sem Eyjólfur Eyjólfsson gegndi einnig skemmtilegu hlutverki og söng ekki aðeins einsöng heldur spilaði jafnframt á langspil, sem börnin tóku einnig þátt í.

Frábær upplifun – þökkum kærlega syngjandi unglingum og börnum í Selfosskirkju!



Sigursveit Umf. Þórs.

Fimm sveitir í sveitakeppni HSK í skák

SKÁK Sveitakeppni HSK í skák fór fram fimmtudaginn 18. mars í Tíbrá á Selfossi. Fimm sveitir frá fimm félögum mættu til leiks og urðu úrslitin eftirfarandi:

Umf. Þór með 11 vinninga, Umf. Selfoss 9 vinninga, Umf. Gnúpverja með 8½ vinning,

Umf. Hekla með 6 vinninga og Íþr.f. Dímon með 5½ vinning.

Sigursveit Umf. Þórs skipuðu þeir Gísli Hólmar Jóhannesson á fyrsta borði, Erlingur Jensson á öðru borði, Magnús Garðarsson á þriðja borði og Oddur Tómas Oddsson á fjórða borði.

Æfingar falla niður til 15. apríl

UMF. SELF OSS Í kjölfar hertra samkomutakmarkana stjórnvalda, sem kynntar voru í seinustu viku, til að ná böndum utan um kórónuveirusmit, fellur allt íþróttastarf hjá iðkendum Umf. Selfoss niður til og með fimmtudeginum 15. apríl. Þetta felur meðal annars í sér stöðvun á íþróttæfingum og keppni.

Sem fyrr breytast aðstæður fljótt þessa dagana og þess vegna er erfitt að segja nákvæmlega hvernig næstu vikur líta út en forsvarsmenn félagsins og deilda þess hafa unnið hörðum höndum að því að halda þjónustu félagsins gangandi meðan samkomubannið er í gildi. Seinustu dagar hafa verið notaðir til að skipuleggja fyrirkomulag mögulegra æfinga þannig að þær uppfylli skilyrði stjórnvalda gagnvart samkomubanni.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag æfinga hjá einstaka deildum félagsins verða sendar

til foreldra og forráðamanna. Iðkendur félagsins þurfa ekki að örvænta. Það verða skipulagðar metnaðarfullar heimaæfingar eða aðrir skemmtilegir viðburðir sem rúmast innan núverandi samkomutakmarkana.

Þjálfarar deilda félagsins munu sem fyrr leggja sig fram við að búa til krefjandi en skemmtilegar heimaæfingar fyrir yngri iðkendur og vera í beinu sambandi við þá í gegnum Sideline (XPS) eða aðrar samskiptaleiðir sem notaðar eru innan félagsins.

Ítrekum mikilvægi þess að allir fari eftir tilmælum yfirvalda í einu og öllu til að hefta útbreiðslu veirunnar. Förum varlega, hugum að sóttvörnum og hvert að öðru.

Við verðum á tánum og látum ykkur vita um leið og nýjar upplýsingar berast frá yfirvöldum.

-Umf. Selfoss/GJ

PÁSKAOPNUN

Í APÓTEKARANUM SELFOSSI

Skírdagur	10–16
Föstudagurinn langi	Lokað
Páskadagur	Lokað
Annar í páskum	10–16

Austurvegi 3-5
482 1177

www.apotekarinn.is

Apótekarinn⁺
Selfossi

Fjölbreytni starfa meiri en talið var

Í síðustu viku stóð sveitarfélagið Rangárþing ytra fyrir atvinnuáætlun sem haldið var á Stracta Hótel Hellu. Yfirskrift málþingsins var „Hvað gerum við?“ en til þess að velja fyrir sér framtíðinni þá er nauðsynlegt að átta sig á því hvað við gerum í dag. Málþingið var virkilega vel sótt en boðið var upp á staðfund, ZOOM-fjarfund og beina útsendingu á Facebook og sóttu þingið alls um 80 manns. Þóður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri hjá SASS svaraði spurningunni „Hvað gerum við?“ með glænýjum gögnum þar sem m.a. kom fram að í Rangárþingi ytra eru 864 stöðugildi við 141 tegund starfa. Fjölbreytni starfa kom mörgum á óvart. Sigurður H. Markússon nýsköpunarstjóri Landsvirkjunar velti upp framtíðinni varðandi sjálfbæra matvælaframleiðslu og benti á spennandi leiðir til nýsköpunar á því sviði í Rangárþingi ytra m.a. í ljósi styrkleika svæðisins í orku-

framleiðslu og þekkingu í matvælaframleiðslu. Að lokum velti Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri upp hlutverki sveitarfélagsins í atvinnusköpun og viðbrögðum gagnvart yfirstandandi iðnbýltingu. Framsögur þessarar þriggja eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Að loknu málþingi var gestum staðfundar og ZOOM skipt í hópa þar sem lagt var upp með að svara þremur spurningum.

Hvernig má ýta undir nýsköpun í atvinnulífi á svæðinu?

Ná þarf utanum hvaða aðstaða er til staðar á svæðinu í dag sem getur nýst frumkvöðlum til nýsköpunar s.s. fullbúið eldhús í íþróttahúsinu í Þykkvabæ sem gæti þjónað sem matarsmiðja. Koma þarf upp aðstöðu fyrir frumkvöðla, frumkvöðlasetri/hugvitssetri. Hægt væri að halda svo kölluð Hackathon til þess að koma umræðunni af stað. Leggja þarf áherslu á hvaða tækifæri



liggja á svæðinu með opnum huga. Stefnumótun á vegum sveitarfélagsins í orku, auðlinda og atvinnuáætlun gæti nýst vel.

Hverjir eru styrkleikar svæðisins sem virkja mætti betur til atvinnusköpunar?

Styrkleikar svæðisins liggja í því hversu vel sveitarfélagið er staðsett sem og gríðarlega miklu magni af fersku köldu vatni sem er grundvöllurinn að öflugri matvælaframleiðslu og matvæla-vinnslu í héraði. Gríðarleg veðursæld – nánast alltaf gott veður. Öflugt fræðasamfélag er til staðar m.a. hjá Landgræðslunni í Gunnarsholti. Draga þarf saman

upplýsingar um svæðið sem geta nýst til atvinnusköpunar. Erum í alfaraleið – stutt frá höfuðborginni. Afmörkuð fagþekking er veruleg – góðir iðnaðarmenn t.d. Aðfluttir segja að þjónusta hér sé frábær t.d. heilsugæsla ofl. í Miðjunni.

Eru einhver grunnatriði innan svæðisins sem þarf að efla til að atvinnulíf blómstri enn frekar? Skipulag svæða og lóða-framboð er grundvöllur fyrir öflugri atvinnuuppbyggingu. Til staðar þarf að vera skipulag fyrir iðngarða og skoða mætti fýsileika stórra hugmynda eins og alþjóðaflugvallar á Geita-

sandi svo eitthvað sé nefnt. Græn atvinnusköpun þarf að vera höfð að leiðarljósi. Samgöngur þurfa að eflast og fækka þarf malarvegum innan sveitarfélags. Þó mikið sé framleitt af orku á svæðinu þá vantar betri möguleika til að ná henni út úr kerfinu – tengivirki og þvúmlík – eins þarf að bæta raforku-dreifingu innan svæðis. Vantar fleira fólk. Heildstæð nálgun þ.e. Rafmagn - Tengivirki - Skipulag - ný starfsemi! Hugsa þetta alla leið.

Frábærar umræður áttu sér stað á fundinum og verða spurningar sem þar voru lagðar fram ásamt ítarlegri svörum við spurningum hér að ofan m.a. sendar til atvinnu- og menningarmálanefndar sveitarfélagsins þar sem næstu skref verða tekin.

TAKK fyrir frábært málþing – tækifærin blasa við í Rangárþingi ytra!

ÞAÐ STYTTIST Í VORVERKIN

KROON-OIL býr yfir mikilli reynslu í framleiðslu á smurolíum fyrir landbúnaðarvélar og vinnuvélar. Nútíma landbúnaðarvélar og vinnuvélar eru háþröðuð tæki sem vinna við erfiðar aðstæður.

Þessi tæki eru oft flókin og viðkvæm og notkun á réttum viðhaldsvörum er því alltaf æskileg svo tækin starfi sem eðlilegast og skiptir rétt notkun á smurolíum gríðarlega miklu máli.

Leitaðu upplýsinga hjá sölumönnum okkar í næstu verslun Bílanaust og fáðu upplýsingar um hvað olía hentar þinni vél.



KÍKTU Á VÖRUÚRVALIÐ Á www.bilanaust.is



Hrísmýri 7, 800 Selfoss

S. 482 4200

Opnunartími: Mán-fös: 8-18 Lau: 10-14

bilanaust@bilanaust.is



Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar stöður kennara til umsóknar fyrir skólaárið 2021-2022.

Í Sunnulækjarskóla verða um 680 nemendur og þar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólasterfinu koma.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

Um er að ræða eftirtaldar stöður:

- Umsjónarkennari á miðstigi
- Kennari í hönnun og smíði
- Kennarar á elsta stigi, meðal kennslugreina íslenska, stærðfræði og náttúrfræði

Umsóknarfrestur er til 8. apríl 2021 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2021.

Nánari upplýsingar um störfín eru á ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is.

Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, <http://starf.arborg.is>

Skólastjóri

BLÁSKÓGABYGGÐ



Störf við Íþróttamiðstöðina í Reykholti

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir laus til umsóknar störf við Íþróttamiðstöðina í sumar.

Verkefni starfsmanns felast m.a. í:

- Gæslu við sundlaug, baðvörslu og eftirliti með íþróttahúsi og þreksal.
- Afgreiðslu – þjónustu við gesti.
- Almennum þrif.

Hæfniskröfur:

- Hafi þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og reynslu af því að umgangast börn og unglinga.
- Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára, munu gangast undir námskeið í skyndihjálp og þurfa að standast hæfnispróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2021 en umsóknir og fyrirspurnir skulu berast til forstöðumanns á netfangið skuli@blaskogabyggd.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Aratunga, Reykholti, 806 Selfoss.

Jobs at the Sports Center in Reykholt

The municipality Bláskógabyggð seeks workers for jobs at the Sports Center this summer.

The work involves among other things:

- Lifeguarding at the swimming pool and monitoring the bathrooms, gym and fitnessroom.
- Serving the customers.
- Cleaning the facilities.

Requirements:

- To be able to serve, good communicative skills and experience in handling kids and teenagers.
- Applicants need to be at least 18 years old and have to finish a course in first aid and a test for life-guards at swimming pools.
- Initiative and independence at work.
- Clean criminal record.

Pay and employee benefits are according to the collective agreement between the municipality and the involved workers union.

Deadline for applying is 7. April 2021 and applications and questions can be sent to the director at the Sports Center, skuli@blaskogabyggd.is, or at the office of the municipality at Aratunga, Reykholt, 806 Selfoss.

Vínbúðin Vík leitar að starfsmanni í sumarvinnu

Við óskum eftir jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er breytilegt eftir þörfum.

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Nánari upplýsingar:

Petra Kristín Kristinsdóttir, vik@vinbudin.is – 560 7892
og Unnur Dóra Einarsdóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsuefandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

TIL LEIGU

Herbergi til leigu

Til leigu í Hveragerði herbergi
búið húsgögnum á 40 þús. kr.
Aðgangur að eldhúsi, baði,
þvottavél o.fl. Upplýsingar í síma
866 1786.

BÍLAR

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyragæti 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.

Kjarnaborun fyrir lögnum.

Ramma inn myndir,
spjalla og fleira.

Annast einnig sólpallasmíði.

ÁSGEIR EGGERTSSON

Sléttuvegi 6, Selfossi

Sími 893 9068

STEINSTEYPUÖGUNIN ÁS ehf.

TAPAD/FUNDIÐ



Týnd mynd

Höfum því miður týnt þessari
mynd og söknum hennar mikið.
Ef einhver veit hvar hún er niður-
komin vinsamlegast hafið sam-
band. Helga og Tómas.

Vegferðin og fjölskyldan

Sam tveggja barna móðir með
tvö ung börn þá skiptir mig
máli hvernig staðið er að þeim
málefnum sem stuðla að auknu
lífsgeðum fjölskyldunnar.
Nú þegar aðeins sex mánuðir
eru til kosninga er vert að líta
yfir kjörtímabilið og hugleiða
um hvað núverandi ríkisstjórn
hefur gert fyrir fjölskyldurnar
í landinu. En hvað er það sem
skiptir fjölskylduna máli? Það er
jú m.a. öruggt þak yfir höfuðið,
trygg framfærsla, aukin sam-
vera, minni áhyggjur og von um
betri framtíð.

Ef við horfum á hvaða breyt-
ingar hafa verið gerðar í þágu
fjölskyldna þá er ýmislegt sem
kemur upp úr krafsinu. Helst vil
ég nefna stórt baráttumál foreldra
síðustu ára um lengingu
fæðingarorlofs í 12 mánuði.
Lenging fæðingarorlofs tryggir
aukna samveru foreldra með
börnum sínum, að auki voru
orlofsgreiðslur hækkaðar sem
minnka fjárhagsáhyggjur og
kvíða nýbakaðra foreldra.

Lagt hefur verið fram frum-
varp sem gengur út á að sam-
þætta opinbera þjónustu í þágu
barna en frumvarpið er til
meðferðar hjá velferðarnefnd.
Mikilvægt er að öll börn og foreldrar
þeirra sem þurfa á þjón-
ustu að halda njóti réttar síns
með örugnum og skilvirkum
hætti. Þá er hefur verið lagt til
að lagðar verði niður pólitískt
skipaðar barnaverndarnefndir
og með því tel ég að fagleg að-
koma sérfræðinga á sviði barna-
verndar í hverju sveitarfélagi
fyrir sig tryggi vandaðri úrlausn
barnaverndarmála. Að mínu
mati á hvergi að vera gefinn af-

Hafís Hrönn
Hafsteinsdóttir



Lögfræðingur og
stjórnarmaður
Framsóknarfélagsins í
Árborg og í miðstjórn
Framsóknar.

sláttur þegar kemur að velferð
barnanna okkar og fjölskyldum
þeirra.

Fjölskyldan þarf að hafa
öruggt þak yfir höfuðið og á
síðustu árum hefur verið lyft
grettistaki í húsnæðismálum,
m.a. með tilkomu hlutdeildar-
lána sem einfaldar ungu fólki
og tekjulægri einstaklingum að
stíga sín fyrstu skref inn á fast-
eignamarkaðinn. Þá var Leigu-
félagið Briet stofnað árið 2019
en stefna þess og markmið er
að stuðla að heilbrigðum og
hagkvæmum leigumarkaði á
landsbyggðinni með örugnum
og fjölbreyttu húsnæðiskosti í
langtímaleigu. Að auki hefur
vefurinn (tryggdbyggd.is) verið
opnaður sem styður við sama
markmið.

Til þess að hafa öruggt þak
yfir höfuðið þarf tryggja fram-
færslu sem hefur mikil áhrif á
velferð fjölskyldunnar. Það er
ótækt að hér búi fólk við fátækt
og að börnin okkar þurfi að búa
við slíkar aðstæður. Fátækt er
samfélagsmein sem þarf að upp-

ræta en trygg framfærsla telst til
mikilvægra grundvallarréttinda.
Í því samhengi þá reikar hug-
urinn að því til hvaða aðgerða
hefur verið gripið í þeim efnum.
Þar má nefna m.a. breytingar á
almannatryggingakerfinu sem
hafa dregið úr áhrifum tekna á
útreikning sérstakrar uppbótar
á lífeyri vegna framfærslu ör-
orku- og endurhæfingarlífeyris-
þega, breytingar á krónu á móti
krónu skerðingunni sem hefur
lengum verið talin akkílesar-
hæll almannatryggingakerfisins.
Öldruðum sem eiga takmörkuð
lífeyrisréttindi í almannatryg-
gingum var einnig tryggður réttur
til félagslegs viðbótarstuðnings
sem nemur allt að 90% af fjár-
hæð fulls lífeyris almanna-
trygginga. Ekki er um tæmandi
talningu að ræða og ekki eru
hér til umfjöllunar þær aðgerðir
sem gripið hefur verið til vegna
þeirra aðstæðna sem skapast
hafa vegna COVID-19 heims-
faraldursins.

Þær umbætur sem nefndar
eru hér að framan eru aðeins
lítill hluti þeirra breytinga sem
núverandi ríkisstjórn hefur ráð-
ist í en framangreindar umbætur
eru þó stór skref í átt að auknu
öryggi og velferð fjölskyldna.
Lengi má gott bæta en það er
augljóst að Framsókn er fyrir
fjölskyldurnar í landinu.

Grímugerð á Gullkistunni

Eitt af markmiðum með
Estarfsemi Gullkistunnar á
Laugarvatni er að mennta og
nýta þá þekkingu og sköpunar-
krafta sem listamennirnir sem
þar dvelja búa yfir og deila
þeim með nærsamfélaginu,
börnum, unglingum og full-
orönu fólki. Í þeim skilningi
er Gullkistan skóli. Á liðnum
mánudegi 22. mars fóru þar
fram tvö námskeið í grímugerð
fyrir börn á grunnskólaaldri í
Bláskógabyggð að frumkvæði

Öldu Sigurðardóttur og undir
stjórn myndlistarmannsins og
kennarans Kristel Maamági
frá Eistlandi. Fyrir námskeiðið
fóru börnin í leiðangra um
þorpið og skóginn og fundu alls
kyns efni sem þau þurrkuðu
og undirbyggðu fyrir grímu-
gerðina. Gullkistan lagði til ull
frá Eyvindartungu, nauðsynleg
verkfæri og nokkra aðstoðar-
menn sem einnig eru listamenn
og dvelja þessa dagana þar.



Nudd -

Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana.

1. Hróarsholt spilda F1 L197221 – Malarnáma – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. mars 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar á lóð Hróarsholts spildu F1, L197221. Í breytingunni felst skilgreining á námu á viðkomandi svæði. Efnistakan tæki til um 2,4 ha svæðis þar sem ætlunin væri að vinna allt að 49.000 m³ af efni.

2. Sogsvirkjanir H20 og H22 – Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir Sogsvirkjanir. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, falla stöðvarnar þrjár og háspennulína að þeim og frá undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Innan aðalskipulagsbreytingar er reiknað með að svo verði áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnansvæðum, íbúðarsvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á náttúruminjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi, þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum.

3. Þórisstaðir land L220557 – Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars 2021 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar landbúnaðarsvæðis. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði í stað landbúnaðarsvæðis innan lóðar Þórisstaða land L220557. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum.

4. Námur og efnislosunarsvæði við Þórisós – Aðalskipulagsbreyting

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna námu og efnislosunarsvæðis við Þórisós. Í breytingunni felst skilgreining á fjórum nýjum efnistökusvæðum og einu efnislosunarsvæði í nágrenni við Þórisós.

5. Skálabrekka-Eystri L224848 – Breytt lega frístundasvæðis – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna breytinga á legu frístundasvæðis í landi Skálabrekku-Eystri, L224848. Í breytingunni felst að skilgreindir frístundasvæðisflákar innan jarðarinnar Skálabrekku-Eystri L224848 eru sameinaðir í eitt samfellt svæði. Stærð svæðisins helst óbreytt.

6. Skálabrekka L170163 – Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar í landi Skálabrekku, L170163. Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar breytist í frístundasvæði.

7. Úthlíð 2 L167181 – Frístundasvæði í verslunar- og þjónustusvæði – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar í landi Úthlíðar, L167181. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði í stað frístundasvæðis á afmörkuðu svæði innan Úthlíðar 2 L167181.

8. Borg í Grímsnesi – Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar að Borg í Grímsnesi. Breytingin tilheyrir þéttbýlinu á Borg norðan Biskupstungnabrautar (nr. 35) og felur í sér að fella niður íbúðarsvæði (ÍB2) og breyta í útivistarsvæði (Ú7) og landbúnaðarland. Þá er blönduð byggð merkt A1/ÍB3 sameinað íbúðarbyggð merkt ÍB1 og afmarkað er nýtt svæði fyrir athafnasvæði merkt A1. Settir eru skýrari skilmálar fyrir aðra landnotkunarflokka og stærð svæða leiðrétt svo sem tjaldsvæði, iðnaðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir

9. Breyting á skilmálum fyrir frístundasvæði – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna breytinga á skilmálum aðalskipulags. Í tillögunni felst að breyting er gerð á lið 2.3.2 sem tekur til frístundabyggðar innan aðalskipulags er varðar nýtingarhlutfall frístundalóða.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

10. Skálabrekka-Eystri L224848 – Frístundasvæði F10 – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna tillögu deiliskipulags að Skálabrekku-Eystri, L224848. Svæði sem um ræðir er um 38,6 ha að stærð og er gert ráð fyrir 28 frístundalóðum innan þess á stærðarbilinu 0,5-1 ha. Umrætt svæði er á hverfisverndarsvæði HV1 og er einnig sérstök vatnsvernd á svæðinu (lög nr. 85/2005). Hluti svæðisins er nú þegar í gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar skilgreindur sem frístundabyggð F(10). Aðkoma að svæðinu er um Þingvallaveg og aðkomuveg í gegnum land Skálabrekku. Samhliða er unnið að tillögu aðalskipulagsbreytingar.

11. Gunnbjarnarholt; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 24. mars 2021 að kynna skipulagslýsingu deiliskipulags sem tekur til verslunar- og þjónustusvæðis í landi Gunnbjarnarholts, VP8. Innan skipulagslýsingar kemur fram að gert er ráð fyrir uppbyggingu eldsneytisafgreiðslu, en einnig verði boðið upp á fjölbreyttari orkugjafa s.s. hraðhleðslustöð fyrir rafmagnsbíla. Þá verði gert ráð fyrir uppbyggingu þjónustubyggingar m.a. til veitingaafgreiðslu og upplýsinga/kyrningamála.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

12. Geldingafell – Fjallaskáli – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaskála að Geldingafelli. Á svæðinu eru alls 7 byggingar, ýmist fyrir starfsfólk og búnað vegna þjónustu vélseðjaferða á Langjökul. Aðkoma er af Kjalvegi um Skálpanesveg. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 manns. Einnig er gert ráð fyrir byggingum fyrir búnað vegna ferða á Langjökul. Stærð svæðisins er um 2 ha. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

13. Árbúðir – Fjallaskáli – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaskála að Árbúðum. Á svæðinu eru alls 4 byggingar, ýmist fyrir gistingu og þjónustu, starfsfólk, salernisaðstöðu og hesthús. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 70 manns. Stærð svæðis er um 2 ha. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

14. Kelduland L228225; Vélaskemma; Íbúðarhús; Vegtenging; Deiliskipulag

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. mars 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags að Keldulandi, L228225 í Flóahreppi. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir heimild fyrir byggingu vélaskemmu og íbúðarhúsi auk þess sem lögð er til varanlegri vegtenging frá Þjóðvegi.

15. Vatnsholt 2 L166398 Hrótholt – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. mars 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags í landi Vatnsholts 2, L166398. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru lóðir og byggingarheimildir fyrir uppbyggingu allt að 15 íbúðarhúsalóða sem hver um sig er 10.000 fm að stærð. Nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint allt að 0,05. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði ÍB9 í aðalskipulagi Flóahrepps.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.asa-hreppur.is/>, <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Skipulagstillögur og lýsingar mál nr. 1 – 11 eru í kynningu frá 31. 3. 2021 til og með 23. 4. 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 23. 4. 2021. Deiliskipulagstillögur í liðum 12 – 15 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 31. 3. 2021 til og með 14. 5. 2021. Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 14. 5. 2021. Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.

Barnaplatan *Út í geim og aftur heim* er komin út



Karitas Harpa og Alexander Freyr við upptökur á plötunni *Út í geim og aftur heim*. Þau fara með hlutverk Geimgerðar og Ofur-Ólafs.

Alexander Freyr Olgeirsson, tónlistarmaður á Selfossi gaf út barnaplötuna sína *Út í geim og aftur heim* núna á dögunum. Alexander og söngkonan Karitas Harpa fara með hlutverk Ofur-Ólafs og Geimgerðar sem eru aðalpersónur sögunnar. Platan inniheldur 11 frumsamin lög með leikpáttum inni á milli sem fléttast saman í eina sögu. Alexander spilar inn flest hljóðfærin, tekur upp og hljóðblander heima hjá sér. „Fyrsta lagið á plötunni sem ég samdi var lokaverkefni í barnabókmenntaáfangi í FSu árið 2011. Mig langaði alltaf til þess að gera heila barnaplötu enda alltaf haft mikinn áhuga á íslenskum barnabókmenntum og tónlist. Það var svo ekki fyrr en sumarið 2019 þegar ég var á ferðalagi um landið með unnustu minni og dóttur að ég ákvað að láta verða af þessu. Við vorum líklega búin með allan listann af tónlist fyrir börn,” segir Alexander brosandi.

Tækifæri til skemmtilegra samverustunda

Um inntak sögunnar segir Alexander: „Sagan er geimævintýri og fjallar um ofurstrákinn Ofur-Ólaf og geimprinsessuna Geimgerði sem hittast á plánetunni Ruglumbull og þurfa að leggja krafta sína saman til þess að stöðva illmennin Demónus Þumaltröll sem hyggst taka yfir plánetuna

og gera íbúum hennar lífið leitt.” Alexander segir að markmiðið sé að hafa plötuna skemmtilega fyrir bæði börn og fullorðna og skapi þannig tækifæri til skemmtilegra samverustunda. Er einhver boðskapur sem leynist í sögunni? „Vináttu er sterkt þema á plötunni og hvað góð vinasambönd geta verið kraftmikil. En aðal boðskapurinn er að vera maður sjálfur og að maður á heima þar sem manni er tekið eins og maður er. Ekki þykjast vera einhver annar en þú ert.”

Aðallega Sunnlendingar sem koma að plötunni

Það hlýtur að vera mikil vinna á bak við svona verkefni. Eru einhverjir sem standa að þessu með þér? „Já, heldur betur! Ég leitaði til vina minna og fjölskyldu til þess að hjálpa mér. Nánast allir sem koma að plötunni eru Sunnlendingar. Vinkona mín og söngkonan Karitas Harpa fer hlutverk Geimgerðar, Salómon Smári Óskarsson fer með hlutverk illmennisins og Sólveig Ásgeirsdóttir kemur einnig fram. Karitas Gunnarsdóttir sér um teikningar og Bassi Ólafsson um hljóðjöfnun. Skúli Gíslason spilar á trommur og Ævar Örn Sigurðsson spilar á bassa. Unnusta mín, Margrét Harpa, syngur inn bakraddir og dóttir okkar, Vaka Röfn, er minn helsti aðstoðarmaður og siðgæðisvörður.” Hvað finnst dóttur

þinni um þetta allt saman? „Hún er alltaf til í að hlusta með mér og hefur verið með í ferlinu frá byrjun, hún lætur mig alveg vita ef henni finnst eitthvað lag leiðinlegt og þá bara sleppi ég því lagi,” segir Alexander og hlær dætt.

Ætla að koma fram í búningum

Alexander var með söfnun á Karolina fund fyrir ári og tókst að safna fyrir kostnaði við gerð plötunnar. Á fésbókarsíðu „Út í geim og aftur heim” er hægt að fjárfesta í alls konar varningi s.s. geisladiskum, bolum eða litabókum. „Ég vona bara að þessi plata verði skemmtileg fyrir sem flesta og ef eitt barn hefur gaman af henni er markmiðinu náð.” Platan er aðgengileg á Spotify og Youtube undir nafninu *Út í geim og aftur heim* en einnig er hægt að kaupa geisladisk. Ætlið þið að fylgja þessu eitthvað eftir. „Við Karitas Harpa höfum verið að plana að koma fram í búningum og syngja og dansa fyrir krakkana, þá annað hvort á bæjarhátíðum eða tónleikum”. Við hvetjum áhugasama til þess að hlusta á *Út í geim og aftur heim* með börnunum.

-gpp

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband
og fáðu tilboð
í auglýsingar

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Jiibbií
Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

**Rétting
og málun**

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

VANTAR ÞIG
IÐNAÐARMENN

FAGVERK
EIGNAUMSJÓN

TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

D-H BÓKHALD

✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

BRAC AF VINATTU!
BYKO Selfossi

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur


Lúvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

**Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti**

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FYLGDI
Útfararþjónusta



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

